

REGLUR

um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi, fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2004:

| | | |
|------------|--------------------------|--|
| 1. flokkur | ≤ 600.000 | Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk. |
| 2. flokkur | > 600.000 og ≤ 3.000.000 | 2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (1,61 kr./lítra pr. 1. janúar 2004). |
| 3. flokkur | > 3.000.000 | 5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (4,04 kr./lítra pr. 1. janúar 2004). |

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Einungis er verðfellt vegna líftölu. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2% og fyrir hvert sýni sem fer í 3. flokk skal verðfellt um 5%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 23. desember 2003.

F.h. verðlagsnefndar búvöru,
Ólafur Friðriksson formaður.